Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bréfa og málasafn 1952

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Utanríkisráðherra – Utanríkismál – Bréf - H. Lange - Hannes Kjartansson - J. Ragnar Johnson - Sveinn Björnsson Forseti - Kong Frederik - Bodil - Sveinn Björnsson - Arthur H. Vandenberg - Árni G. Eylands - Ásgeir Pétursson - Erik Brueel - Geoffrey Robson - Herbert D. Riley - Capatin, Josue de Castro - Kristján Albertsson - Thor Thors - Jón Arason – BM - Eysteinn Jónsson – NATO – Landhelgisbrjótar - 1952

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-12, Örk 3

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavik, 4de april 1952.

Herr Utenriksminister
Bjarni Benediktsson og frue.

Vil på denne måte få uttrykke min takknemlighet for den store oppmerksomhet De og Deres kone har vist meg ved vennlig innbydelse til middag onsdag den 9de april.

Dessverre har jeg i lang tid holdt sengen, og må antakelig ta en operasjon i ryggen så snart far og mor kommer tilbake.

De har hatt en deilig tid i Norge, og

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kveðja

JÓN ÁRNASON
BANKASTJÓRI

LAUFÁSVEG 71 REYKJAVÍK

Fríumaðsmál

COPY

Ref. 44. B. 3.
2. júlí, 1952.

Hr. bankastjóri
Jón Árnason,
Reykjavík.

Kæri vinur:

Þakka bréf þín frá 21. maí og 19. júní.

Ég vil þakka þér þá kurteisi að senda mér afrit af bréfi þínu til Mr. L. Rasminsky varðandi samvinnu okkar við Kanada í stjórn Alþjóðabankans og Sjóðsins. Eins og þú manst, hófst þessi samvinna við Kanada þegar við fyrstu kosningu stjórna þessara fyrirtækja á fundinum, sem haldinn var í Savannah frá 8. til 18. marz, 1946. Mér er líka kunnugt um það, hversu þýðingarmikið það hefir verið fyrir hagsmuni Íslands í stjórn Bankans og einkum Sjóðsins að geta notið aðstoðar Kanada og eiga fulltrúa Kanada sem okkar talsmann. Einkum hefir þetta komið greinilega fram tvisvar sinnum undanfarin ár, þegar við höfum þurft að ná samkomulagi við stjórn Sjóðsins út af ráðstöfunum til aðstoðar bátaútveginum. Mr. Rasminsky hélt á málum okkar í fyrsta sinn, sem við þurftum að leggja það fyrir Sjóðinn, með mikilli festu og myndugleika, og átti framkoma hans og álit hjá samstarfsmönnum hans ábyggilega mikinn þátt í því, að hinn vafasami málstaður okkar sigraði. Mér er að sjálfsögðu ljóst, að ýmir menn heima leggja talsvert upp úr samvinnu við Norðurlöndin, þótt ég hafi ekki séð, að hin svokallaða samvinna Norðurlandanna hafi mikið gagnað hagsmunum Íslands. Á fundum sameinuðu þjóðanna hefir þessi samvinna aðallega verið fólgin í því að ætlast til þess, að fulltrúar Íslands greiði alltaf atkvæði til að koma fulltrúum hinna Norðurlandanna í virðingarstöður. En aftur á móti, þegar um stórmál hefir verið að ræða, hafa leiðir skilist og samvinnan orðið að engu. Það er ekki ólíklegt, að ef við

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Trúnaðarmál

COPY

LEGATION OF ICELAND
WASHINGTON 6.D.C.

Ref. 44. B. 3.
2. júlí, 1952.

Hr. bankastjóri
Jón Árnason,
Reykjavík.

Kæri vinur:

Þakka bréf þín frá 21. maí og 19. júní.

Ég vil þakka þér þá kurteisi að senda mér afrit af bréfi þínu til Mr. L. Rasminsky varðandi samvinnu okkar við Kanada í stjórn Alþjóðabankans og Sjóðsins. Eins og þú manst, hófst þessi samvinna við Kanada þegar við fyrstu kosningu stjórna þessara fyrirtækja á fundinum, sem haldinn var í Savannah frá 8. til 18. marz, 1946. Mér er líka kunnugt um það, hversu þýðingarmikið það hefir verið fyrir hagsmuni Íslands í stjórn Bankans og einkum Sjóðsins að geta notið aðstoðar Kanada og eiga fulltrúa Kanada sem okkar talsmann. Einkum hefir þetta komið greinilega fram tvisvar sinnum undanfarin ár, þegar við höfum þurft að ná samkomulagi við stjórn Sjóðsins út af ráðstöfunum til aðstoðar bátaútveginum. Mr. Rasminsky hélt á málum okkar í fyrsta sinn, sem við þurftum að leggja það fyrir Sjóðinn, með mikilli festu og myndugleika, og átti framkoma hans og álit hjá samstarfsmönnum hans ábyggilega mikinn þátt í því, að hinn vafasami málstaður okkar sigraði. Mér er að sjálfsögðu ljóst, að ýmir menn heima leggja talsvert upp úr samvinnu við Norðurlöndin, þótt ég hafi ekki séð, að hin svokallaða samvinna Norðurlandanna hafi mikið gagnað hagsmunum Íslands. Á fundum sameinuðu þjóðanna hefir þessi samvinna aðallega verið fólgin í því að ætlast til þess, að fulltrúar Íslands greiði alltaf atkvæði til að koma fulltrúum hinna Norðurlandanna í virðingarstöður. En aftur á móti, þegar um stórmál hefir verið að ræða, hafa leiðir skilist og samvinnan orðið að engu. Það er ekki ólíklegt, að ef við

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ættum t.d. Norðmann sem talsmann í stjórn Sjóðsins, þegar við næst þyrftum að gera ráðstafanir til að greiða fyrir íslenzkri fisksölu, að þessum fulltrúa frænda vorra gengi erfiðlega að túlka okkar hagsmuni, þar sem þeir gætu komið í bága við hagsmuni hans eigin þjóðar.

Af þessum ástæðum og fleirum tel ég mjög varhugavert að afsala okkur umboðsmennsku Kanadamanns og fela hana fulltrúa einhvers Norðurlandanna. Hefði ég verið aðspurður um þetta, sem hefði mátt telja eðlilegt, þar sem vandamál okkar við Sjóðinn hafa oft verið fengin mér til lausnar, og ennfremur vegna þess, að ég á að heita sendiherra Íslands í Kanada, þá hefði ég lagt á móti slíkri breytingu. Ég hafði hugsað mér að hafa tal um þetta mál við Mr. Rasminsky, þegar ég var í Ottawa þann 11. og 12. júní, en þá vildi svo óheppilega til, að hann var einmitt staddur í Washington. Síðan hefi ég talað við Mr. Rasminsky í síma, og hefir hann sent mér afrit af bréfi sínu til þín frá 28. maí. Endurtók hann í samtalinu við mig það, sem hann segir í bréfinu til þín, að þeim finnist eðlilegt, að við ættum samvinnu við Norðurlöndin, en lagði jafnframt áherzlu á það, að allt væri í óvissu um kjör Kanada. Er nú ráðgjört, að við tölum saman, þegar Mr. Rasminsky verður á ferð næst hér í Washington. En ég vil ennfremur benda á það, að ég tel mjög þýðingarmikið, að Ísland njóti fyllstu vináttu fjármálastjórnar Kanada almennt, því að því getur auðveldlega komið, að Ísland sjái sér hag í því að leita láns í Kanada til æskilegra framkvæmda í Íslandi og þessvegna þýðingarmikið að hafa þar góð sambönd. Æskilegt væri, að engin ákvörðun yrði tekin í þessu máli, fyrr en það hefir verið betur athugað á aðalfundinum í Mexico City í september, því að þá fyrst er vitað, hvernig allar aðstæður eru. . . . .

Hvað því viðvíkur, að ég sæki þennan fund, þá gjöri ég ráð fyrir, að ég gæti komist, því að Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna á ekki að koma saman í ár fyrr en 14. október í New York. Ef tveir menn koma að heiman sem aðalmenn, þá vil ég

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ekki mæta, þar sem ég teldi slíkt algjörlega óþarfa eyðslu á tíma og orku. Hinsvegar mundi ég mæta sem Governor í Sjóðnum, ef ég yrði um það beðinn, en ég mun ekkert aðhafast í þeim efnum. Ég er búinn að fá nóg af ferðalögum og snatti og hefi í mörg horn að líta, eins og veit, að þér er ljóst. / . . . .

Með beztu kveðjum.

Þinn einlægur,

Thor Thors
(sign.)

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ICELAND DEFENSE FORCE

21 March 52

My dear Mr. Benediktsson:

There are attached several pictures taken during the recent visit of Admiral McCormick. I thought that they might make a very nice addition to your personal picture collection.

Yours sincerely

E J McGaw

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einar lögfræðingur Pétursson, sonur P. Lárussonar fulltrúa Alþingis, vantar atvinnu. Móðir hans bað mig nýlega að reyna að greiða fyrir honum. Samkvæmt upplýsingum er Einar gætur maður.

J. H.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

LEGATION OF ICELAND
WASHINGTON 6. D. C.

9. júlí, 1952.

Hr. utanríkisráðherra
Bjarni Benediktsson,
Reykjavík.

Eg hefi lengi dregið að skrifa þér út af tali Bandaríkjanna um að skiptast á Ambassadorum. Í bréfi þínu frá 17. desember, 1951, gat eg markað að þið heima höfðuð lítinn áhuga fyrir þessari breytingu, sem eg fyrir mitt leyti tel þó ákveðinn heiður Íslandi til handa. Auðvitað mundi breytingin hafa það í för með sér, að Ambassador Bandaríkjanna yrði Dean of Diplomatic Corps fyrst um sinn unz önnur lönd hefðu skipað Ambassadora á Íslandi, og þeirra tími kæmi til að taka við. Eg get ekki látið hjá líða að geta þess, að mér finnst það fráleitt, að tillitið til núverandi sendiherra Norðmanna í Rvík geti ráðið nokkru í þessum efnum, ef vegur Íslands er annarsvegar. Staða Dean of Diplomatic Corps í öllum löndum er mjög ótryggt fyrirtæki, því að skipt er á sendiherrum mjög tíðum. Hér í Washington hefir heill hópur manna verið Dean og Diplomatic Corps þau 11 ár, sem eg hefi verið hér. Nú er það Ambassador Norðmanna, sem hefir þessa vegtyllu, en ef hann færi tæki við Ambassador Nicaragua. Þessi vegtylla fer því ekkert eftir mönnum né ríkjunum, sem hlut eiga að máli, heldur eingöngu eftir embættisaldri og

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

embættisstöðu á staðnum, því vitanlega ganga Ambassadors allt-af fyrir Ministers. Vegna þessarar afstöðu þinnar hefi eg ná-kvæmlega ekkert gjört í máli þessu, og aldrei getið þess að fyrra bragði við nokkurn mann.

Hinn 9. maí skrifaði Pétur Eggerz mér til Argentínu á þennan hátt um þetta mál:

> "Ken Byrns bauð mér út í lunch, og spurðist þá fyrir um hvernig því mundi tekið af Íslands hálfu, ef því yrði boðið að hafa Embassy hér í borg. State Department mun ekki vilja láta þetta koma fram sem boð fyrr en fréttir hefðu borizt óformlegu leiðina um viðhorf Íslands. Því mun Ken hafa minnst á þetta, svo eg gæti flutt þér skilaboðin, og ef þú álitir að þetta mundi fá pósitívar undirtektir, þá muni hærra settir embættismenn talfæra þetta formlega við þig."

Þess skal getið að eg hefi aldrei skýrt Pétri frá fyrri viðtölum um þetta mál, því að eg áleit að málið væri í svo lausu lofti að engin ástæða væri til þess að fleiri menn en þú og eg hefðu það til íhugunar. Hinn 28. maí, eða skömmu eftir heimkomu mína frá Suður-Ameríku, bauð eg Mr. Hayden Raynor í lunch til þess að ræða við hann um ýms okkar málefni. Hann vék þá að því, hvernig við mundum taka því ef Bandaríkin óskuðu að gera sinn mann að Ambassador í Reykjavík, og að við gerðum okkar mann hér að Ambassador. Eg sagði Mr. Raynor að við værum ekkert ákveðnir í þessu, en málið væri í athugun heima, en eitt væri þó víst, að við mundum aldrei taka það upp að fyrra bragði.

Hinn 9. júní átti svo Lawson sendiherra tal við mig hér á skrifstofunni um þetta og fleira. Kom það nú í ljós, að hann unir sér vel á Íslandi. Telur sig hafa mjög þýðingarmikið starf þar, og segist njóta þar mikilla vinsælda. Tók eg auðvitað

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

undir það. Hann sagðist hafa fengið þrjú tilboð frá State Department um flutning, en komið sér undan öllum. Það var einnig auðheyrt, að honum var það áhugamál að verða Ambassador, og spurði hann hvernig litið væri á það af okkar hendi. Eg sagði honum það sama að við værum óráðnir, en eg mundi að lokinni forsetakosningu, þegar jafnvægi væri komið á hlutina heima, taka þetta mál upp við þig. Lawson sagði að Bandaríkin mundu ekki bjóða okkur þetta nema að þeir vissu fyrirfram, að við vildum samþykkja það, en þeir leggja áherzlu á að þessu sé haldið algjörlega leyndu og vilja þeir verða fyrstir til að útnefna Ambassador á Íslandi. Þetta mál þarfnast því athugunar ykkar, og ef að spurt væri um álit mitt mundi eg telja að þetta sé vegsemd fyrir Ísland, sem við höfum ekki ráð á að vísa frá okkur. Öll hin Norðurlöndin hafa Ambassador hér, og við erum vanir að telja okkur jafningja þeirra. Eg gjöri ráð fyrir því að fljótlega eftir að það vitnast, að Bandaríkin hafi Ambassador í Reykjavík, þá muni Norðurlöndin, og ef til vill Bretland og fleiri lönd útnefna Ambassadora, og við yrðum þá að gjöra slíkt hið sama í þeirra löndum. Þetta gæti aðeins orðið sendimönnum Íslands erlendis til frama og brautargengis. Kostnaðurinn við að hafa Ambassador og Minister er nákvæmlega sá sami. Báðir eru Chief of Mission. Það er líka svo komið að í daglegu tali er maður oftar kallaður Ambassador heldur en Minister, og hér í Washington hafa allar þjóðir Ambassador nema ein 7 lönd, en Ambassadorar eru yfir 60. Eg tel að sendiherra Íslands hér í Washington sé styrkur að því að vera Ambssador, og sérstaklega er það gagnlegt í starfi hans

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hjá United Nations. Þótt eg hefði gjört ráð fyrir því, að aðrar þjóðir gripu einnig til þess að kalla sína sendiherra í Reykjavík Ambassadora, er það þó engan veginn víst að svo fari, og er þér auðvitað kunnara um það en mér. Einnig getur Ísland haft þau áhrif á það sem það vill, eins og sézt á því að Bandaríkin gera ekkert í málinu án okkar vísbendingar.

Svo er það annað mál, sem eg vildi minnast á við þig, og það er varðandi fréttaþjónustu Daða Hjörvar hjá U.N. Eins og þú veizt hefir ríkisútvarpið enga samvinnu viljað eiga við Daða og afneitað honum með öllu. Hann er því algjörlega á vegum U.N. Eg hefi oftsinnis hjálpað honum við yfirmenn hans þar. Hann er sæmilega látinn hjá yfirboðurum sínum, en síður hjá starfsfólkinu, þar sem hann þykir nokkuð hrokafullur og merkilegur með sjálfan sig. Nýlega hringdi einn af yfirmönnum hans til mín, og sagði mér að U. N. ætlaðist til þess að það yrði skipt um menn í þessari stöðu öðru hvoru, svo að fleiri menn lærðu um starfssemi U.N. og yrðu síðar gagnlegir þeirri stofnun í heimalandi þeirra. Nú væri kominn tími til að nýr maður kæmi í staðinn fyrir Daða, en þó vildu þeir ekki fara illa að honum, og bað eg þá um að lofa Daða að vera fram að áramótum, þar sem hann væri nýkominn með konu og barn frá Íslandi, og það væri illa að farið að reka hann heim við svo búið. Varð það að samkomulagi, að Daði skyldi fá að vera til áramóta. En hvað snertir eftirmann hans, talaði U.N. maðurinn um að skrifa ríkisútvarpinu, og fá þá til að tilnefna mann. En þar sem eg vissi að búast mætti við öllu af hendi ríkisútvarpsins, lagði eg til að mér yrði

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

heldur skrifað sem fulltrúa Íslands hjá U.N., og mundi eg svo taka málið upp við ríkisstjórnina. Eg álít það þýðingarmikið að í þessa stöðu komi velviljaður maður, og nauðsynlegt sé að hann sé að minnsta kosti anti-kommúnisti. Eg veit ekki hvort þú hefir einhvern, sem þú vildir koma að. Eg hefi engan, sem eg ákveðið vildi mæla með að svo stöddu. En Sigurður Magnússon,kennari, sem er kunningi minn, þótt hann væri andstæðingur minn á Snæfellsnesi, hefir árum saman verið að sækjast eftir einhverju starfi hjá U.N. Síðast þegar hann skrifaði mér sagðist hann hafa talað við þig, og þú værir honum hliðhollur. Nú veit eg ekki hversu vel fær í ensku Sigurður er, en það er ófrávíkjanlegt skilyrði, að hann hafi full tök á enskunni til að koma til greina. Sigurður er vel máli farinn á íslenzku, og hefir sæmilega framkomu. Hann mun vera Alþýðuflokksmaður. Það er nokkur tími til stefnu og vænti eg að heyra frá þér. En eg tel bezt fara að halda þessu algjörlega leyndu á milli okkar, því að annars streymir fram hópur óhæfra umsækjenda, sem við höfum engan frið fyrir.

Bráðum þarf að fara að hugsa um U.N. sendinefndina í haust, bæði hversu margir eiga að koma og hverjir, en um það mun eg skrifa þér síðar. Eftir því sem Trygve Lie hefir oftsinnis tjáð mér má vænta að hann komi til Íslands í sumar, annaðhvort á leiðinni frá Noregi til New York seinni hluta ágústmánaðar, eða að hann gjörir sér sérstaka ferð í byrjun september. Hann mun tilkynna mér með hálfsmánaðar fyrirvara um fyrirætlanir sínar, og mun eg þá strax síma þér. Hann mun hafa stutta viðdvöl á Íslandi, líklega tvo eða þrjá daga, en það er þýðingarmikið að

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

taka vel á móti honum, og nota komu hans til að vekja áhuga á Íslandi fyrir U.N.

Með tilvísun til bréfs þíns frá 21. marz, vil eg skýra þér frá því, að eg hitti Björn Sveinsson Björnsson nokkrum sinnum í Buenos Aires. Hann var kurteis og kom sæmilega fyrir, og eg get eiginlega vorkennt honum, því að hann virðist hálfgerður ólánsmaður. Við buðum honum nokkrum sinnum að borða með okkur, og konu hans hittum við daginn áður en við fórum, en hún var þá nýkomin frá Þýzkalandi. Okkur geðjaðist mjög vel að henni, og sagðist hún geta átt framtíð sem söngkona í Þýzkalandi, en í Argentínu er leiðin lokuð fyrir óþekkt fólk. Frúin vildi því heldur fara til Þýzkalands, en henni finnst hún verða að standa með manni sínum í baráttu hans þarna í Argentínu. Mér fannst ekki að eg gæti haft nein not af Birni í erindum mínum, og ekki leist mér á tillögur hans um ræðismann fyrir okkur. Nú hefir Sölusambandið afhent Vilhjálmi Þór saltfiskverzlunina í Argentínu, sem að vísu er engin. En ef úr þessu rættist fæ eg ekki betur séð en að fela mætti Birni eins og hverjum öðrum að selja fiskinn. Eg sagði við Björn, að svo mikil hefði verið vinátta föður hans og Vilhjálms Þór, að Björn hlyti að njóta einhvers góðs af henni, en hann kvað þá að sú vinátta mundi hafa farið með föðurnum ofan í gröfina. Sennilega er það rétt mælt.

Um Nínu Tryggvadóttur er það að segja, að það mál virðist dautt og útilokað, þar sem konsúllinn heima hefir í 10 blaðsíðna skýrslu auðsjáanlega lagt allt kapp á að útiloka Nínu frá að komast hingað. Eg vísa í þessu efni til bréfs sendiráðsins um þetta mál nr. 154, dags. 2. apríl.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Um siglingamálin er það að segja, að Sambandið hefir gjört mjög harða atlögu hér í Washington til að ná herflutningunum frá Eimskip. Hefir óhappamaðurinn Leifur Bjarnason verið þar að verki, samkvæmt fyrirmælum Vilhjálms Þór. Þeir hafa jafnvel boðist til þess að lækka farmgjöldin og sigla beint til Keflavíkur, og er þá hvorki verið að hugsa um hag Íslands né verkafólks og bílstjóra í Reykjavík. Svo fór þó að Military Sea Transport úrskurðaði að Sambandið kæmi ekki til greina samkvæmt amerískum lögum, þar sem þeir hafa ekki reglulegar siglingar, og væru ekki það sem kallað er "common carrier". Til þess þurfa þeir að hafa siglt í þrjá mánuði með einum auglýstum viðkomustað mánaðarlega. Nú er Sambandið búið að auglýsa siglingar, og eftir þrjá mánuði, ef þeir hafa ráð á að sigla skipunum hálftómum á milli, mun koma til nýrrar atlögu af þeirra hendi. Stjórnendur Military Sea Transport kvörtuðu undan ágangi L.B., sem einskis lét ófreistað. Óttast eg, ef þessar aðferðir verða teknar upp að nýju, þá geti það leitt til þess að amerísk félög fái alla flutningana, enda er samkvæmt amerískum lögum skylt að bjóða þeim fyrst allan "army cargo". Guðmundur Vilhjálmsson hefir verið hér og hefir hann rætt við Military Sea Transport og einnig Moore-McCormack, og mun hann skýra þér frá þessu, þegar heim kemur.

Með beztu kveðjum og óskum,

Thor Thors

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

LEGATION OF ICELAND
WASHINGTON 6. D. C.

23. júní, 1952.

Góði vinur:

Eins og þig eflaust rekur minni til vildir þú greiða fyrir okkar sameiginlega vini, Ólafi Johnson, á þann veg, að dvöl hans hér í landi yrði auðveldari. Vísa eg í þeim efnum til bréfs þíns frá 22. ágúst, 1949, og til bréfs míns frá 13. september. Meiningin var að gjöra Ólaf, að nafninu til, að ráðunaut við sendiráðið með búsetu í New York. En eins og þú manst, vildi State Department ekki fallast á þetta, þar sem auðvitað var hreinskilnislega skýrt frá því, að Ólafur Johnson hefði verzlunarskrifstofur í New York, og það væri aðal atvinna hans. Vegna þessarar afstöðu State Department varð málið að falla niður, en eg held að Ólafi hafi fallið það mjög miður, og jafnvel grunað mig um að hafa staðið í veginum fyrir því. Þar sem þessi óánægja hafði haldið áfram að koma fram hjá Ólafi, og honum jafnframt verið skýrt frá því, að það sé að verða nær útilokað fyrir hann að fá leyfi til að dveljast áfram hér í landi, tók eg málið enn á ný upp við State Department eftir heimkomu mína frá Suður-Ameríku.

Eg talaði þá við vin minn, Mr. Raymond Muir í Protocol, en við hann hafði eg áður átt um þetta mál. Nú lagði eg enn fastar að honum, og sagði beinlínis að State Department yrði að fallast á þetta. Ólafur Johnson væri ríkur maður, og

Hr. utanríkisráðherra
Bjarni Benediktsson,
Reykjavík.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

útnefning þessi væri ekki gjörð á neinn hátt af fjárhagslegum ástæðum, heldur vildi íslenzka ríkisstjórnin heiðra hann, og gjör dvöl hans auðveldari hér í landi. Hann annaðist innkaup á matvælum fyrir innflytjendur heima, og því mundi hann halda áfram, enda væri þetta í þágu alþjóðar. Önnur verzlunarviðskipti hefði hann ekki. Í skrifstofu hans í New York mundi standa: Legation of Iceland, Office of the Commercial Attaché. Fyrir harðfylgi mitt sagði Mr. Muir loks, að þeir skyldu fallast á þetta, og þarf eg nú ekki annað en að skrifa State Department og tilkynna um þessa nýju skrifstofu. Nafn Ólafs Johnson kæmi því í Diplomatic List sem:Ólafur Johnson, Commercial Attaché, og skrifstofa hans og sími í New York. Þetta hefir það í för með sér, að hann og kona hans fá diplomatisk vegabréf, og þar með geta þau óáreitt og í friði dvalið áfram hér í landi. Auðvitað fær Ólafur engin laun, enda mun hann ekkert vinna fyrir sendiráðið, og er hér aðeins um greiða að ræða honum til handa. Eg spurði Mr. Muir að því, hvort hann mætti ekki vera hvort heldur Commercial Counselor eða Attaché. Kvað hann svo vera, en eg tel að ekki komi til greina að útnefna hann Counselor vegna þess hversu laus-slegt samband hans við sendiráðið er, og ennfremur að ekki er viðeigandi að svona lítið sendiráð hafi tvo Counselors.

Ólafur og frú eru nú í Danmörku hjá Agnari syni Ólafs, en síðan munu þau koma til Reykjavíkur, og mun Ólafur þá væntanlega leita fundar þíns, og biðja um hin diplomatisku vegabréf. Eins og þú getur ímyndað þér varð Ólafur innilega feginn og þakklátur fyrir að þetta skyldi ná fram að ganga,

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og er honum fyllilega ljóst hverja áherzlu þú hefir lagt á þetta. Þegar Ólafur er hingað kominn í haust, mun eg skrifa State Department tilkynningu um þessa útnefningu, og þarf ekki frekari formsmeðferð í þessum efnum.

Eg mun bráðlega skrifa þér varðandi önnur efni.

Með beztu kveðjum,

Thor Thors

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 21. mar, 1952.

Kæri vinur:

Ég þakka þér kærlega fyrir síðast svo og sendingarnar um jólin, sem láðst mun hafa að þakka fyrir fyrr.

Ástæðan til þess að ég skrifa þér nú er sú, að fyrir fáum dögum kom hingað BjörnsSveins Björnssonar, sem nú er búsettur í Argentinu og mun bráðlega fara þangað aftur. Hann rabbaði við mig fram og aftur um viðskipti landanna og sýndist hafa nokkra trú á því, að hægt væri að auka þau, eða réttara sagt koma þeim á ef diplomatiskt samband yrði stofnað.

Ég sagði honum að ætlunin væri að gera það bráðlega og mundir þú fara í því skyni þangað suður aftur áður en langt um liði. Ekki talaði hann við mig um sérstaka fyrirgreiðslu sér til handa en auðvitað var tilgangur hans með heimsókninni og viðræðunum, að við reyndum að greiða hans götu. Ég ráðlagði honum að ná sambandi við þig þegar þú værir þarna á ferð, og sagði að þú mundir gera tillögur um ræðismenn, þegar þú værir búinn að vera í landinu.

Jafnframt gat ég þess, að ég mundi hreyfa því við þig, að ef Björn gæti vísað á einhvern kunningja sinn, sem góð sambönd

Herra sendiherra
Thor Thors,
Washington.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hefði og frambærilegur væri sem ræðismaður, þá mundir þú taka það til vinsamlegrar athugunar í tillögum þínum. Þessu vildi ég koma áleiðis.

Þá er þess að geta, að Guðmundur Vilhjálmsson hefir enn á ný orðið þess var, að ókyrrt sé um amerísku flutninga Eimskipafélagsins og vildi ég því í þessu sambandi ítreka það sem ég hefi áður sagt, að ef það getur einhversstaðar orðið að gagni að þínum dómi að látið sé uppi, að utanríkisráðherra Íslands hafi mikinn áhuga fyrir að Eimskip haldi flutningunum, þá má nota þá röksemd.

Loks er þess að geta, að ég bað Magnús Vigni á dögunum að skrifa þér um mál Nínu Tryggvadóttur, sem Lawson er nú orðinn alveg uppgefinn á, en ráðeggur eindregið að þú reynir að hreyfa því í Washington, eftir því sem þú teldir viðeigandi. Vil ég mjög eindregið leggja inn gott orð með frúnni, því að þótt málið sé sprottið af óheppilegri framkomu hennar, er synjun á komu hennar til Bandaríkjanna mjög til þess löguð að vekja hér gremju í garð Bandaríkjanna og þar með gera okkur erfitt fyrir.

Ég vona að þér og þínu fólki líði vel og bið kærlega að heilsa frú Ágústu.

Með beztu kveðjum,
þinn einlægur vinur,

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

New York ...

English Girls Under 18 Can't Visit U.S. Air Bases

SCULTHORPE, England, Nov. 23 (UP).—Girls who visit American Air Force bases in this area will have to be at least eighteen and have written permission from their parents, it was announced today.

Air Force officials and the Norfolk Women's Voluntary Services announced the decision after a survey showed many fifteen- and sixteen-year-old girls were visiting the bases.

"We are making sure the Ameri-

Peter Cooper Hotel
130 East 39th Street
At Lexington Avenue
New York 16, N.Y.
Murray Hill 5-2670

28. nóvember 1952

Góði vinur,

-mér þykir rétt að senda þér afrit af grein, sem eg sendi Valtý Stefánssyni með þessum sama pósti, og spyrja þig hvort þú hafir nokkuð að athuga við slíka yfirlýsingu frá manni í utanríkisþjónustunni. Eg sagði Bodil Begtrup frá því sem eg hermi af okkar viðtali 1948, og hefur hún ekkert við það að athuga. Allt er málið tilkomið út af því, að hún hefur minnst á viðtal okkar í skýrslu til danska utanríkisráðuneytisins, en Brun (sem var á Íslandi) síðan lapið í Martin Larsen, og Larsen síðan í kommúnista-snepil Dana, eftir að hann var farinn úr þjónustunni.

Lítið hefur verið um skýrslugerð af hálfu nefndarinnar það sem af er þings, en nú fer málum að ljúka, hverju af öðru, og þá koma skýrslurnar. Fæst af því sem gerst hefur er markvert, nema samþykkt Koreu-tillögu Indverja í gær með 53:5 atkv. og við mikla reiði Vishinsky's. Eg held að engum geti lengur dulist að Rússar vilji fyrir hvern mun að stríðið haldi áfram, enda kostar það þá sjálfa ekki annað en eitthvað af hergögnum.

Tunis og Marokko hafa enn ekki komið á dagskrá. Útlit er talið á að Bandaríkin ætli að vera liðlegri í því máli við Frakka en í fyrstu var líklegt, enda vandræði Atlandshafs-bandalagsins nóg þó að ekki bætist á misklíð um þetta mál. En vont var fyrir Frakka þegar soldáninn í Marokko, sem hefur verið talinn samvinnufús, bað þá fyrir skemstu í ræðu að skilja að þeirra tími væri útrunninn, og þess óskað að þeir færu sem fyrst úr landinu.

Mikil umræða um Palestínu er hafin í ad hoc nefndinni, þar sem eg sit, og gerir Israel snarpa tilraun til að fá þingið til að styðja tillögur

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sínar um friðarsamninga við Araba-ríkin, en Arabar eru örðugir - heimta fyrst fullar skaðabætur til flóttamanna o.s.fr. áður en talað verði um frið. Við styðjum auðvitað tillögu Norðmanna og fleiri ríkja, sem minnst var á í skeytinu að heiman nýlega, þar sem skorað er á alla aðila að setjast nú að samningum og binda enda á stríðið , eftir fjögurra ára vopnahlé.

Ef það er rétt sem í Þjóðviljanum stendur, að 30 stúlkur amerískar sem nú vinni á Keflavíkurvelli fái ekkert samneyti að hafa við hermennina (og mér þykir þetta líklegt, vegna þess hve Ameríka er ströng í þessum efnum), þá fyndist mér algerlega sjálfsagt að við færum fram á það við herstjórnina að hún bannaði allar heimsóknir íslenskra kvenna á flugvöllinn, nema þeirra sem ættu þangað lögleg erindi, væru að fara frá vellinum í flugvél eða slíkt. Eg held að Ameríkanar myndu skilja þetta - og það því fremur sem þessi kvennamál stuðla að því fremur öllu öðru að gera hernámið og herinn sjálfan óvinsælan.

Til vara mætti hafa í huga ráðstafanir Breta, sbr. hjálagt skeyti, birt í Herald Tribune nýlega, - að hleypa engum stúlkum inn á flugvöllinn sem eru yngri en atján, og heimta auk þess skriflegt samþykki frá foreldrum fyrir heimsókninni.

Vona að þú afsakir, en aldrei getur skaðað að ráðherra berist sem flestra manna skoðun um þetta alvarlega mál.

Með bestu kveðjum,

þinn einlægur

Kristján Albertsson

Ef þú hefur eitthvað við grein mína að athuga, sem ég vona að ekki sé, bið ég þig vinsamlega að láta V. St. vita strax -

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

HOTEL CORNAVIN
Genève

TÉLÉPHONE : (022) 2 04 30 · TÉLÉGRAMMES : CORNAVINOTEL

3. apríl 1952

Góði vinur, - bréf mitt til þín 31. mars bið eg þig að afsaka að var skrifað í nokkrum flýti, vegna þess að eg var á glóðum um að það og önnur skrif heim næðu ekki í næstu flugvél. Ein setning er í bréfinu sem mér, við endurlestur á afriti, hvorki fellur að orðalagi né efni, og vil eg biðja þig að stryka yfir hana í huga þér.

Það er auðvitað engin nauðsyn á að eg verði fulltrúi á næsta allsherjarþingi S.Þ. , hvorki vegna Þýskalands-nefndar, né árásanna á mig - sem eg satt að segja hef engan tíma til halda áfram að muna. ~~þar~~

Mér þykir auk þess ekki ólíklegt að Hans Andersen eigi að fara næst, vegna landhelgismálanna.

Með bestu kveðjum

Þinn einlægur

Kristján Albertsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Landssíminn

SÍMSKEYTI

Eyðublað nr. 1 d.

UTENRIKSMINISTER BJARNI
BENEDIKTSSON REYKJAVIK =

Móttekið

14 52/57 1956 1952

LANDSSÍMI ÍSLANDS

Athugasemdir símaþjóna

Símanúmer ritsímans:
6411: Varðstjórinn, fyrirspurnum um símskeyti svarað

Símanúmer ritsímans:
1020: Afgreiðslan, tekið á móti símskeytum

Mótt. af

R511 SSS OSLO 17/16 19 1330 ETAT =

MIN BESTE TAKK FOR DIN VENNLIGE HILSEN TIL
50-AARSDAGEN = HALVARD LANGE =

6521500h.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

OFFICE OF DWIGHT D. EISENHOWER

Commodore Hotel
New York 17, New York
November 28, 1952

My dear Mr. Minister:

General Eisenhower has asked me to thank you for the very kind message of congratulations which you sent on the advent of his election.

Your thoughtfulness and good wishes are deeply appreciated.

Sincerely,

Arthur H Vandenberg

Arthur H. Vandenberg
Executive Assistant

His Excellency Bjarni Benediktsson
Minister of Foreign Affairs of Iceland
Reykjavik, Iceland

303

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

CAPTAIN HERBERT D. RILEY, U S NAVY
HEADQUARTERS, SACLANT
NORFOLK 11, VIRGINIA

My dear Mr. Minister:

Now that our trip is over I wish to thank you for your many courtesies to me in Iceland, and for your very great help in assisting me to understand your problems. It is in such frank discussions that we may expect to find means of implementing the high aims of NATO.

Your sincerity and interest in this purpose is most apparent.

I trust that we shall meet again, for further understanding of Iceland's part in our new NATO Atlantic Command.

Sincerely yours,

Herbert D Riley
Captain US Navy

March 30th

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Landssíminn

SÍMSKEYTI

Eyðublað nr. 1 d.

BJARNI BENEDIKTSSON
BLOENDUHLID 35 REYKJAVIK

Móttekið

16[39] 30ATT
16[40]

LANDSSÍMI ÍSLANDS

Símanúmer ritsímans:
6411: Varðstjórinn, fyrirspurnum um símskeyti svarað

Athugasemdir símaþjóna

Símanúmer ritsímans:
1020: Afgreiðslan, tekið á móti símskeytum

Mótt. af

R150/30 HANNOVERMESSE 9 30 1556 =

= HAMINGJUOSKIR KVEDJUR = GUDRUN JOHANNES

9511500h.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Landssíminn

SÍMSKEYTI

Eyðublað nr. 1

= UTANRIKISRADHERRA REYKJAVIK

Móttekið

13 52 30 IV 52

Athugasemdir símaþjóna

LANDSSÍMI ÍSLANDS

Símanúmer ritsímans:
6411: Varðstjórinn, fyrirspurnum um símskeyti svarað

Símanúmer ritsímans:
1020: Afgreiðslan, tekið á móti símskeytum

Mótt. af

R92/30 BASEL CNE325/30 5/4 30 1330 VIA IMPERIAL

= HAMINGJUOSKIR = PETUR

9511500h.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

[illegible]!

Eins og þú manst hafði ég einsamall fyrirmæli um að greiða Brasilíumanni atkvæði sitt í formannskjöri í FAO í haust. Hann var kosinn „með hörkju" og munaði því um „mann lítið" meira heldur en það hafði mátt ~~[illegible]~~ búast.

Þegar bréfin um Íslendinga afstöðu vegna [illegible] var send til Róm í vetur sendi ég honum nýja FAO ráðs formanni (privat)-bréf og afrit af bréfinu og útskýrði einsamallegar afstöðu hans. Jeg sendi bréf svar hans með í afriti, af því að ljóst að hann mun kosninga afstöðuna og að ég vinnst sem betur fer ekki hafa spillt málum vorum hjá FAO með framkomu minni eins og „gæti" Tímamenn hafa haft ánægju af að láta skína í! Þótt bréf Castro sé næstum ekki annað en kurteisis-bréf – þá lofar það þó heldur

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gætir það sem það er, finnst mjer.

Fyrirgefðu að jeg trufla þig með þessu

Vinsaml.

Árni G. Eylands

Landbúnaðar-
ráðuneytið.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Office of the Chairman of the Council

Eftirrit.

F A O

Rua Do Carmo,6
Cable Address:Foodagri
Rio De Janeiro - Brasil

(FAO Rome, Italy)

5 June 1952.

Dear Mr. Eylands,

I have just received your letter dated 26 April regarding the application made by your Government for technical assistance by the Food and Agriculture Organization in the fight against sheep disease in Iceland.

I read with much interest the application itself, a copy of which was enclosed with your letter, and I will get in touch immediately with the Office of the Director-General and, more particularly, with the Director of the Agricultural Division in order to ascertain the possibilities of granting such assistance to your Country.

You may rest assured I will do my utmost to see that this application receives every consideration, since it seems to me to be fully justified. I hope to write you in more detail after these contacts have been made.

My wife joins me in presenting to Mrs. Eylands and ypurself our very best wishes and regards.

Yours sincerely

Josue de Castro

Mr. Arni G. Eylands
Assistant Chief
Department of Agriculture
Ministry of Agriculture
Reykjavík, Iceland.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ásgeir Pétursson
International House
University of California
BERKELEY, CAL.
U.S.A.

Berkeley 13/10 1952

Góði vinur,

af mér er allt gott að frétta, allt hefur mér gengið eins og ráð var fyrir gert. Ég var í 7 vikur við háskólann í Seattle, Washington. Þar var haldið sumarnámskeið fyrir erlenda stúdenta frá fjöl-mörgum löndum. Verður ekki annað sagt en að háskólinn gerði allt sem í hans valdi stóð til þess að gera okkur dvölina ánægjulega og gagnlega. Fyrirlestrar og „seminar" voru um ýmis efni, einkum á sviði efnahags- og stjórnmála. Auk þess voru fluttir fyrirlestrar um amerískar bókmenntir ofl. Einn fyrirlestraflokkurinn var sérlega athyglisverður. Var það próf. Bone, sem kenndi. Hann er talinn með snjöllustu mönnum hér í landi um flest er varðar „Political Science". Fyrirlestrar hans fjölluðu einkum um stjórnmála-flokka almennt, stefnur og strauma innan þeirra, svo og um alþjóðamál og utanríkispólitíkina, eins og hún er nú. Ég kynntist manni þessum lítillega og hafði ánægju af því. Hann kunni furðu góð skil á Ísl. stjórnskipan. Að þessum manni undan-skildum fannst mér kennararnir við Washington háskólann, heldur tilkomulitlir og ekki spámann-legir, a.m.k. hefðu þeir ekki þótt það við há–

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skólann heima. Litt var þó áberandi í fari þessara manna, og það var að segja að venda nemendunum að sem mestu liði. Er það meira en hægt er að segja um suma kennarana heima. Á hinn bóginn létu sumir kennara þessara alls kynst kúnstir viðgangast í tímunum, sem mér kom einkennilega fyrir sjónir. Auk hinna venjulegu stúdenta, sem þarna voru, var þó nokkuð af amerískum náms-önnum. Héldu þeir stundum uppi mál-þófi um ýms efni, oft helbera vitleysu. Varð þá kennarinn að jagast við strákana um efnið. Auðvitað er ekkert við því að segja að nemandann greini á við kennarann, ef hann byggir skoðun sína á sómasamlegum rökum, eða að málefnið gefi tilefni til skiptra skoðana. En slíkt þvarg átti sér líka stað, þegar t.d. spurningu kennarans varð aðeins svarað með því að skýra frá ákveðinni staðreynd. (Aut est, aut non est, tertium non datur). Skildist mér helst að þeir telji það til „lýðræðis" að nemandinn fái á þennan hátt að verja skoðun sína, hversu skringileg, sem hún annars kann að vera. Nú, en ég skal taka það fram að ekki allir kennarar leyfðu þetta. Mér fannst þetta system rugla samhengi fyrirlestursins og tefja hann. - En auðv. getur verið að þessi skoðun mín stafi af ókunnugleika á kennslukerfi því, sem hér tíðkast. - Hingað til Californiu kom ég fyrir mánuði síðan. Margir telja háskólann hér ~~með~~ í röð þeirra bestu í þessu landi. Mér virðist a.m.k. kennaraliðið vera minna þekkt, en í Seattle.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

III.

Hér sæki ég tíma í 4 fögum. Public Finance, Publ. Fin. & Taxation, Publ. Administration og loks <u>Public Opinion</u>. Kennslan í fjármálafræði og administration, er einskorðuð við ameríska staðhætti, svo ég hef hugboð um að gagnsemi nokkurs hluta þess náms sé ekki ýkja mikil fyrir mig. Úr þessu getur þó rætzt, þegar ég kemst betur inn í fögin. – Public Opinion er mikið ágætisfag, sem ég hef mikinn ~~[illegible]~~ hug á. Kennarinn í þessari grein er próf. Bellquist, sá er veitti uppl.skrifstofu U.S.A. í Stokkhólmi forstöðu. Hann er óefað bráð snjall í sinni grein. Fagið fjallar um almenningsálitið, hvernig það myndast og breytist, um aðferðir til þess að hafa áhrif á það, um áróður og gagnáróður, o.s.frv. Undanfarna daga hefur Bellquist verið að skilgreina hvað alm. álit sé í rauninni. Hefur hann sagt margt gott í því samb. Hér á dögunum, spurði ég hann hvað hann teldi almennt að væri öflugasta aðferðin til þess að mynda alm. álit um pólitísk efni, að því er snerti innanríkismál. Bjóst ég við að hann myndi nefna dagblöðin fyrst. En það gerði hann ekki. Sagði Bellquist að mikið væri komið undir ~~efni~~ eðli máls þess er reynt væri að skapa alm. álit um, <u>en umtal</u> og <u>viðræður manna í milli</u>, virtust langoftast mynda almenningsálitið. Þegar ég benti á þýðingu blaðanna í þessu samb. sagði hann að þeirra hlutverk væri meira að efla og viðhalda álitinu eða skoðun, sem þegar væri fyrir hendi. Ég hef mikið velt þessu fyrir mér og hugsað um þetta í samb. við þá reynslu, sem ég hef í þessum málum,

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem að vísu er ekki ýkja mikil. En ég trúi þessari kenningu, því ég þykist hafa séð teoríuna framkvæmda fyrir skömmu. Á þennan hátt vann Ásgeir Ásgeirsson og fylgismenn hans kosninguna. Allir vita að blaðakostur Ásgeirs var bæði lítill og lélegur. En hann og fylgismenn hans sumir voru búnir að plægja akurinn í langan tíma, með umtali og persónulegum viðræðum, þannig að löngu fyrir kosninguna, var búið að skapa jarðveginn fyrir almenningsálit með Á.Á. Á sama hátt er nokkurnveginn ljóst að dráttur sá, er varð á því að velja frambjóðanda af okkar hálfu, hvernig svo sem á honum stóð, sem er annað mál, var okkur tvímælalaust í óhag, enda þótt sumir telji að svo hafi ekki verið. Jæja, það er of langt mál að diskutera, en ég held að hér sé efni viður til frekari athugana. — Ég hef fylgst með kosningabaráttunni hér og er fróðlegt að sjá hvernig þeir haga vinnubrögðum sínum. ~~[illegible]~~. Ekki hafa þau keyft okkur, nema að sumu leyti. Sjónvarpið og útvarpið, skipta afar miklu máli hér, í baráttunni um forsetaemb. — Í Seattle kynntist ég ungum manni, sem var mikið á snærum demokrata. Sýndi hann mér skrifstofur flokksins þar í borg, og komst ég svolítið inn í vinnubrögð þeirra þar. —

Þetta var nú um náðið. Þú mátt samt ekki halda að ég sitji öllum stundum yfir bókum eða sé á tali við prófessora! Ég hef jafnan verið

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

V

kófmatur á lestur skólabóka! Ég nota þau tæki-
færi sem gefast til þess að sjá sem mest af
landinu og því, sem helst er markvert að sjá
hér. Hefi ég kynnst ýmsum piltum að heiman, sem
hér eru búsettir, og farið með þeim í ferðir hér
um all-California. — Hér er slangur af Ísl., sem
hafa flutzt hingað búferlum, svo og af þeim
svonefndu „Vestur-Íslendingum". Ég varð alveg
undrandi í Seattle, að komast að raun um að
þar eru um 3–4 hundruð manns, sem skilur
íslenzku. Talaði ég á samkomu þeirra, sem
haldin var í janúar. Þar hitti ég vin minn,
Finnboga Guðmundsson, sem nú býr í Winnipeg
og kom á þetta mót. Hér í Berkeley koma Íslendingar
saman öðru hvoru á heimili ræðismannsins, sem
er sóma karl. Jæja Bjarni, þetta er orðin langloka.
Mér þætti afar vænt um að heyra frá þér, en
geri mér þó fulla grein fyrir annríki þínu. Ef
þú kynnir einhverntíma að hafa stund, þætti mér
fróðlegt að heyra um framvindu málanna heima,
einkum um lyktir forsetakjörmálsins. Ég held
að Sjálfst.fl. ætti að taka G. Th. í sátt og reyna að
gleyma því liðna að svo miklu leyti, sem það er
hægt.

Vertu blessaður alltaf og þakka þér
liðna tíð. Bezta kveðja til fjölskyldu
þinnar.

Þinn einl.

Ásgeir

(snúi)

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Til frekari skilnings rétt að taka fram:

Við ákvörðun þess, hvort höfða eigi mál – og þar á undan, hvort fyrirskipa ~~skuli~~ skuli rannsókn – koma oft til greina ýms vafaatriði. Dómsmálaráðherra ber þá að meta, hvað gera skuli.

Auðvitað ber honum að taka ákvörðun sína eftir bestu samvisku. Því miður er engum manni al-rétt látið né óskeikult og vissulega hefur handhafi ákæruvaldsins rýmri heimild til að taka tillit til annarlegra ástæðna en dómari, sem alls ekki má gera slíkt. ~~En~~ En þó er hverjum þeim,

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem halda vill samilegri sjálfsvirðingu, meiðinn mjög þröngan stakkinn um meðferð á þvingunarvaldsins. Þá, sem láta beiting þess vera komna undir persónulegri vináttu, pólitískri greiðasemi og öðru slíku, á hið fyrsta að hverfa úr starfi. Þau atriði, sem ósjálfrátt verka á mann til hlutdrægni, eru önnur, þótt ekki bætist við, að maður viss vitandi geri rangt.

En jafnvel þótt maður vilji sveigja til – vera smeðju-, þá eru tímarnir til að gera það: 1.) við fyrirskipun [illegible] [illegible], 2.) við fyrirskipun málshöfðunar 3.) við ákvörðun um áfrýjun.

Þessi atriði eru – a.m.k. stundum – á valdi dómsmálaráð. eða kunna að vera það.

En ákvörðun um niðurfelling saka, sem hið er að höfða, kemur alls ekki undir

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hann hefur ekki, og beit-
því valdi, sem hann hefur
ólöglega tekið sér, til að
fara viss vitandi rangt að.
Í slíkri beitni felst
óneitanlega freklega móðgun
og henni hefur verið haldið
til streitu með slíkri
áherslu og af þeim aðilum
að mikla þolinmæði hefur
þurft til að taka henni
þó svo léttilega, sem
gert hefur verið.

Þetta er allt annað mál
og það er best að ræða
úr því að búið er að
höfða málið hefur ráð-
herra ekki annað vald en
1) leggja til við forseta
eftirgjöf saksóknar
2) leggja til við forseta

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

náðum.

3) á hverja sjálfur hvort á frúna skuli, þegar hún að honum.

Bréfritara hefur margoft verið sagt frá því, að um tvö síðari atriðin sé hægt að tala þegar þar að kemur. Betur er ekki hægt að gera, og mundu þó ýmsir segja að of

Einlega) vel væri ~~gert~~ þá á málunum tekið miðað við allar aðstæður. En um það skal ekki rætt, þótt fullt tilefni væri til.

Alt, sem bréfritari segir utan við þetta mál, ~~[illegible]~~ hafa aðrir, en jafn vel eða betur til þekkja sagt áður og er því síður en svo ástæða til að taka því illa, enda er góðvild hans óumdeild.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Dómsmálaráðherra teldum
undir forseta, að fengnum
tillögum dómsmálaráðherra
að vísu. Slíkt er mjög fátítt
að veita slíka eftirgjöf ~~að~~
nema sem þátt í almennri
~~[illegible]~~ uppgjöf saka.

eða óþekkt með öllu

Í því tilfelli, sem hér
um ræðir, er alls ekki
farið fram á slíka sér-
staka sakaruppgjöf, enda
ómögulegt að færa fram-
bærileg rök fyrir henni,
teldum rétt að dómsmála-
ráðherra taki á sig að
hindra ~~þessa~~ ólöglega og
(á) formlausan hátt framgang
löglega höfðaðs máls.

Ef ráðherra gerði slíkt
mundi hann sýna ungæðis-
leika sinn gegn dómurunum

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og rauninni gegn starfsmönnum síns eigin ráðuneytis.

Erfitt er að sjá, hvernig sá, sem þannig færi að, gæti haldið þeirri virðingu, sem æðsta handhafa ákæruvalds og réttargæslu er nauðsynleg, ~~En bæti ýmsum ráðuneytisins og í hóp dómaranna bæri of oft að höndum þau atvik, að~~ bæti gegn dómurum, starfsmönnum ráðuneytisins og öðrum.

Þessi sjónarmið eiga við öll mál og er skv. þessu ljóst, að það, sem nú er farið fram á, er ekki hægt að gera fyrir neinn.

Sá, sem er þessu ósammála, verður að fá skipt um ráðherra, því að frá þessum sjónarmiðum er ekki hægt að hverfa, hver sem í hlut á og hver sem um það biður.

Því að fram á er farið að ráðherra taki sér vald, sem

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

UTANRÍKISRÁÐHERRA

28. apríl 1952.

Kæri vinur!

Ég vildi aðeins mega láta uppi innilega samúð yfir þínum mikla missi. Hin frábærlega vináttu og hlýhugur, sem lærisveinar þínir hafa fundið hjá þér fyrr og síðar, naut sín enn betur vegna þeirrar vinsemdar, er kona þín sýndi okkur og þess fagra og friðsæla umhverfis, sem hún bjó þér. Þess vegna finnst okkur, að við fráfall hennar eigum við sanns vinar að sakna, og það eru áreiðanlega miklu fleiri en ég, sem nú óska þess, að þeir gætu eitthvað gert þér til hugarléttis í sorg þinni. Um þetta tjáir ekki að hafa mörg orð, ég vona aðeins að þú finnir hugarþelið bak við hin klaufalegu orð. Þinn einlægur vinur

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Erik Brüel
Landsretssagfører, Dr. jur.
Udgiver af
Nordisk Tidsskrift for International Ret.

Telefon Central 15242 Tgr.-Adr.: Interlaw.

København K., d. 26. Maj 1952.
St. Kongensgade 79, St.

Til

Redaktionskomitéens Medlemmer.

Under Henvisning til vedlagte Referat tillader man sig at udbede sig en vejledende Udtalelse fra Redaktionskomitéens Medlemmer med Hensyn til følgende Spørgsmaal:

1) Mener De, at nordiske Forfatteres Artikler bør bringes baade paa nordisk og paa fremmed Sprog eller fortrinsvis kun paa et af disse og da hvilket ?
2) Mener De, at fremmede Forfatteres Artikler bør bringes baade paa nordisk og paa fremmed Sprog eller fortrinsvis kun paa et af disse og da hvilket ?
3) Mener De, at Artikler paa nordisk og Artikler paa fremmed Sprog bør blandes, eller at de to Grupper af Artikler som hidtil bør samles i en Afdeling for Artikler paa nordisk Sprog og en Afdeling for Artikler paa fremmed Sprog (Acta etc.) ?

Et dupliceret Eksemplar af Tidsskriftets Statutter i endelig Form vedlægges.

Deres ærbødige

Erik Brüel

2 Bilag/

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

FLAG OFFICER (FLOTILLAS),
HOME FLEET,
℅ G.P.O. LONDON.

H.M.S. Swiftsure
at Reykjavik.

17th November
1952.

My dear Foreign Minister,

I do want to thank you on behalf of not only myself and all of us in H.M.S. Swiftsure, but of the British Navy, for the wonderfully warm welcome that you and everyone in Reykjavik has given us.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

from the moment we arrived we were all of us left in no doubt of it, and we have felt the increase in the friendliness of everyone as the days have gone on.

We were so afraid that the weather might interfere with our plans to have you on board and to return some of the generous hospitality which you have given us; as well as, I hope, to let you all know

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

how warm is our feeling to you and your nation.
I hope that this is a visit which may be repeated every year; and we, on our side, will have a hand of the warm welcome to every Icelander we have the good fortune to meet in our Country.
We leave with great regret but with so many happy memories, and thankfulness that the weather allowed us to have many of you on board.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

with best wishes to Madame Benediktsson, and to yourself.

Yours sincerely,

Geoffrey Robson.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Orðsending

til utanríkisráðherra Bjarna Benediktssonar
frá Eysteini Jónssyni.

Ég hefi rennt augunum yfir meðfylgjandi blað, einskonar viðauka við Marshall-samninginn, en hefi orðið að gera það í rúminu, án hjálpargagna .

Mér sýnist rétt, að allir ráðherrarnir lesi þetta og það sé farið yfir það sameiginlega á ráðherrafundi. Sennilega er ekkert við þetta að athuga, en þarf þó að skýra það fyrir sér sameiginlega, finnst mér. Ég hafði ekki Marshall-samninginn við hendina, en það er vísað í hann á þremur stöðum. Ennfremur er talað um í upphafi bréfsins, að við göngum inn á þær breytingar, sem orðið hafa á Marshall-lögunum síðan 1948. Er það nokkuð, sem máli skiptir ? Þá skil ég ekki vel hvað átt er við með 5. lið, bls. 3. Þyrfti að fá útlistun Andersen á því.

Sendi þér blaðið til baka nú þegar, til þess að þú getir látið það ganga til hinna.

Með kveðju.

4/1 1952.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Föstudaginn 14. marz 1952 um kl. 9 f.h. var ég kallaður í síma á heimili mínu og var sagt, að það væri samtal um loftskeytastöðina. Þekkti ég rödd Ingólfs Möller, skipstjóra á m.s. Foldinni, en hann sagði ekki til sín, en sagði mér undir rós (skírskotaði til starfa sinna á árunum fyrir 1931, en þá var hann á varðskipunum), að hann vildi vekja athygli á landhelgisbrjótum, þar sem hann væri staddur. Sagði hann mér undir rós, að hann væri við Snæfellsnes (leiddi talið að bók Árna Þórarinssonar "Hjá vondu fólki"), sem ég fékk staðfest með því að spyrja hann, hvenær hann hefði lokið að lesta, en ég vissi, að hann kom frá Patreksfirði, og hafði hann lokið lestun um kl. 3 um nóttina, svo tíminn benti einnig til, að skipið væri við Snæfellsnes. Að öðru leyti var samtalið um kveðjur til fjölskyldunnar o.s.frv.

Ég hringdi þegar í Skipaútgerðina, en náði þá ekki í Pálma Loftsson og fór því á skrifstofu ráðuneytisins og sagði skrifstofustjóra af upphringingunni, en hringdi því næst aftur í Skipaútgerðina og fékk nú samband við Pálma Loftsson og skýrði honum frá fregninni. Hann þakkaði boðin, en gat þess um leið, að erfitt væri að ná landhelgisbrjótum á þessum stað (togmiðin rétt við landhelgislínuna), en (varð)skip væri statt norðarlega í bugtinni og skildist mér, að hann ætlaði þá þegar að sinna þessu.

Þegar Foldin var komin í höfn um eftirmiddaginn 14. marz, fékk ég staðfest, að skipið hefði verið við Snæfellsnes (0.4 sjóm. út af Öndverðarnesi) og voru þar margir togarar að veiðum, 3 þeirra örugglega innan landhelgi, en aðrir á mörkum landhelginnar.

Þennan dag voru "Þór" og "Fanney" í höfn í Reykjavík, en "Sæbjörg" og "Hermóður" voru að aðstoða norskt skip, sem strandað hafði við Garðskaga þá um nóttina. Er trúlegt, að annað hvort þeirra hafi verið það, sem forstjórinn taldi "statt norðarlega í bugtinni" og hafi forstjóranum eftir því að dæma verið ókunnugt um, að skipin tvö hefðu farið til aðstoðar norska skipinu.

Það skal tekið fram, að samkvæmt upplýsingum þeirra "Foldar" manna er vafasamt, hvort flugfært hefir verið við Snæfellsnesið þennan morgun, vegna dimmviðris.

15/3 1952. BM.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

LÉGATION D'ISLANDE

124, BOULEVARD HAUSSMANN 8e

TÉL. LABORDE 81-54

ADR. TÉLÉGR. ISLEGATION

PARIS 1. ágúst 1952

B.11
PB/JH

Herra utanríkisráðherra,

Í tilefni af fyrirlestri um Ísland, sem haldinn var í landfræðifélaginu í Marseille 1. desember s.l., og ræðismaður Íslands þar, Alf heitinn Jochumsen gekkst fyrir, birti prófessor Gaston Brochel í Marseille "Opið bréf frá Pytheasi" til undirritaðs í tímariti, sem hann gefur út, Hellas-Gallia. Prófessorinn er einn af helztu talsmönnum þeirrar kenningar, að Ísland sé hið sama land og Thule í fornum fræðum, og að Pytheas hafi fundið það fyrstur manna.

Nú hefir professor Brochel sent hingað áritað eintak til yðar af þessarri ritsmíð og fylgir hún hér með. Vafalaust þætti honum vænt um að fá línu frá yður með nokkrum þakkarorðum.

Virðingarfyllst

Pétur Benediktsson

Herra utanríkisráðherra
Bjarni Benediktsson
R e y k j a v í k

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sþ 22. okt. 1952. Samskipti ~~um~~ varnarliðsmanna og Íslendinga, þáltill.

Gylfi Þ. Gíslason: - .... Íslendingum er yfirleitt ljóst, að því fylgir hætta fyrir grannþjóðir þeirra og þá sjálfa, ef hér væru engar hervarnir, svo voveiflegir sem tímarnir nú eru..... Ég er sannfærður um, að verði ekki breytt til um þá stefnu, sem fylgt hefur verið um framkvæmd samningsins, þá muni meiri hluti þjóðarinnar snúast gegn því, að annari þjóð séu faldar varnir landsins og vilja, að við tökum þær í eigin hendur og takmörkum þær þá að sjálfsögðu við litla fjárhagsgetu þjóðarinnar.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ICELANDIC VICE CONSULATE
TORONTO, ONTARIO

SUITE 2005, VICTORY BUILDING
80 RICHMOND STREET WEST
TEL: EMPIRE 3-0289

29th February, 1952.

Hon. Bjarni Benediktsson,
Minister of Foreign Affairs,
REYKJAVIK, Iceland.

Dear Sir:-

I was very pleased to be advised a few days ago that I had been awarded the Order of the Falcon by the late president of Iceland. The award and the medal have been duly received from the Minister in Washington. I am grateful to you for making this possible as I realize that the late president must have acted upon your recommendation. I consider the medal or cross very artistic and so do my friends to whom it has been shown.

With many more thanks for your thoughtfulness and with kindest personal regards, I am,

Yours very truly,

J. Ragnar Johnson

JRJ:gn

J. Ragnar Johnson
Vice Consul

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Det Kgl. Utenriksdepartement

Ministeren

Oslo, 10 september 1952.

Kjære Bjarni Benediktsson,

La meg få lov til å takke deg - og gjennom deg alle islandske myndigheter, i förste rekke Presidenten og Fru Asgeirsson - for den store gjestfrihet og elskverdighet vi ble mött med under vårt opphold i Reykjavik. Det er bare én ting jeg nå, som ved de tidligere leiligheter, beklager. Det er at det ikke var mulig å bli noen dager lenger og dermed få se noe mer av landet.

Jeg regner med at vi treffes, om ikke för, så iallfall i Paris i midten av desember.

Med vennlig hilsen også til din frue,

Din hengivne

Halvard Lange

Herr Utenriksminister Bjarni Benediktsson,

R e y k j a v i k .

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

TEL. DIGBY 4-7780

CONSULATE GENERAL OF ICELAND
50 BROAD STREET
NEW YORK 4, N. Y.

4. september 1952

Kæri Bjarni,

Samkvæmt bréfi þínu frá 28. f.m., hef eg keypt þrjár bækur, sem þú baðst um, og sendi þær með þessum pósti. Bækurnar kostuðu samtals $12.00, sem eg hef skuldað hjá þér. Inneign þín hjá mér, eftir að þessir $12.00 hafa verið greiddir, er $63.40.

Eins og eg hef margoft sagt þér, skaltu ekki hika við að láta mig vita, ef það er eitthvað sem eg get gert fyrir þig.

Með beztu kveðjum,

Hr. utanríkisráðherra
Bjarni Benediktsson,
R e y k j a v í k.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

TEL: DIGBY 4-7780

CONSULATE GENERAL OF ICELAND
50 BROAD STREET
NEW YORK 4, N. Y.

28. janúar 1952

Hr. utanríkisráðherra Bjari Benediktsson,
Utanríkisráðuneytið,
R e y k j a v í k.

Kæri Bjarni,

Eg hef þegar framlengt áskriftina fyrir Frímann til 2ja ára, sem kostaði $9.00. Eg hef einnig keypt þær þrjár bækur, sem þú baðst um í bréfi þínu frá 16. þ.m. Bækurnar verða sendar með fyrsta stjórnarpósti, en ekki er víst að stjórnarpóstur verði sendur miðvikudaginn 30. janúar, þar sem við vitum ekki um neinn Íslending, sem fer með vélinni.

Eg sendi hér með kvittun fyrir bókunum þrem, sem kostuðu $11.33.

Með beztu kveðjum,

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 28. ágúst 1952.

Kæri Hannes:

Viltu gjöra mér þann greiða að kaupa fyrir mig eftirfarandi bækur:

Spies, Dupes and Diplomats, eftir Ralph de Toledano (Duell, Sloan & Pearce-Little, Brown.

Witness, eftir Whittaker Chambers (Random)

Defense of the West, eftir Drew Middleton.

Ég vildi einnig biðja þig um að leggja út fyrir bókum þessum og senda mér yfirlitsreikning um okkar viðskipti, svo unnt sé fyrir mig að endurgreiða þér ef ég skulda þér.

Með beztu kveðjum,

Herra aðalræðismaður
Hannes Kjartansson,
New York.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

KGL. DANSK GESANDTSKAB

Reykjavik 8-2.

Kære Bjarni. Vedlagte billede viser, at ogsaa andre har tænkt over dine dekorationer til ære for præsidenten.

Experterne siger, at det er første gang kongen bærer det islandske storkors uden Elefantordenen, samt at man maa bemærke, at det islandske storkors sidder over Dannebrogsordenens.

Venlige hilsner
Din hengivne
Bodil

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

A62

Kong Frederik overværede i Gaar Mindehøjtideligheden i Holmens Kirke for Præsident Sveinn Björnsson, hvis Begravelse samtidig fandt Sted i Island. Billedet er taget, da Kongen ankom til Højtideligheden, hvorom der kan læses nærmere inde i Bladet.

8-2.

billede

bas

orationer

tim.

t det

ne

Stor-

emen,

a

andske

Danne-

ues

ne

Bodil

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur